

EUMA - NETFRÉTTIR

1.TBL. 8ÁRG.

20.FEBRÚAR 2008

Nýir félagar.



Það fjölgar í félaginu, og á febrúarfundinum var Kristín Karlsdóttir boðin velkomin. Áður hafði María Hauksdóttir verið boðin velkomin á janúarfundinum. Hanna, gjaldkerinn okkar, hafði fundið nokkrar EUMA nælur og því var hægt að næla silfrinu í þær. Á myndinni eru María Hauksdóttir frá Sjávarútvegsráðuneytinu og Kristín Karlsdóttir frá Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Hlökkum til að vinna með ykkur!

Nornafundur.

8. janúar heimsóttu EUMA-konur Nornabúðina við Vesturgötu 12 í Reykjavík. "Nornin" Eva tók á móti okkur og sagði okkur frá tilurð búðarinnar og áhuga sínum á hugmyndafræðinni bak við galdra. Hún trúir ekki á nein æðri máttarvöld, en telur að mannshugurinn sé sterkara afl en margur gerir sér grein fyrir. Á þessum sama fundi var María Hauksdóttir frá Sjávarútvegsráðuneytinu tekin inn í félagið. Þetta var mjög skemmtilegt kvöld og kom þátttakendum á óvart.

Námskeið í MindManager.

EUMA á Íslandi hefur fengið Verkefnalausnir til þess að vera með námskeið í MindManager fyrir félagsmenn laugardaginn 23. febrúar næstkomandi. Námskeiðið verður haldið á Grand Hótel og hefst það kl. 09:00. Kennari er Elín Þ.Porsteinsdóttir iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands, ásamt aðstoðarmanni. MindManager er verkefnisstjórnunartæki og gefur góða yfirsýn yfir framvindu verksins sem verið er að vinna með. Félagskonur eru hvattar til þess að mæta og skal það ítrekað að námskeiðið er félagskonum að kostnaðarlausu.

Nælur.

Búið er að panta nýjar nælur, og ættu þær að koma fljótlega. Þær sem eiga ekki nælur, eða hafa týnt þeim, geta haft samband við stjórn og óskað eftir því að fá nælu.

Námskeið 5. apríl í Osló.

Í tengslum við vorkund samtakanna í Osló er boðið upp á námskeiðið: "Cross-Generational Communication in the Workplace". Félagar eru hvattir til að mæta. Nánari upplýsingar eru á www.euma.org.